

# Vistsporið

## Fréttabréf Vistbyggðarráðs

2.tbl. 2.árg. 20. september 2012

Nú er nokkuð liðið frá síðustu útgáfu Vistsporsins og er því frá ýmsu að segja. Stefnt er að því að Vistsporið komi út 2-4 sinnum á ári, með nokkuð reglubundnum hætti en aðilar og aðrir áhuasamir eru þó einnig hvattir til að fylgjast með starfseminni á heimasíðunni [www.vbr.is](http://www.vbr.is) og á facebook.

### Ráðstefna norrænu GBC

Að þessu sinni fór hún fram í Osló dagana 9.-10. febrúar. Á ráðstefnunni var dregið fram það helsta sem er að gerast á sviði vistvænna bygginga á norðurlöndunum. Í kjölfarið var haldinn opinn fundur þann 17. febrúar þar sem framkvæmdastýra fór yfir það markverðasta sem kom fram á ráðstefnunni, en kynninguna má skoða á vefsíðunni, undir *starfsemi, opnir fundir*.

Næsta ráðstefna verður haldin í Helsinki í Finnlandi dagana, 31. jan - 1.feb 2013. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Vistbyggðarráðs, undir, *á döfinni*.

### Aðalfundur í mars

Aðalfundur Vistbyggðarráðs var haldinn 29. mars. Á fundinum voru kosnir nýir fulltrúar í stjórn auk þess sem samþykkt var 10% hækkun aðildagjalda fyrir árið 2013, en aðildagjöld hafa staðið í stað frá upphafi.

Stjórnina skipa nú.

- Ásdís Hlökk Theodórsdóttir
- Páll Gunnlaugsson
- Elín Vignisdóttir
- Guðmundur Tryggvi Sigurðsson
- Helga Jóhanna Bjarnadóttir



Í varastjórn sitja: Lena Kadmark og Björn Guðbrandsson

Hægt er að skoða starfsáætlun fyrir 2012, ársreikning 2011 og skýrslu stjórnar á [www.vbr.is](http://www.vbr.is)




### Námskeið um DGNB

Þann 27. apríl stóð Vistbyggðarráð fyrir námskeiði um þýska vottunarkerfið DGNB í samvinnu við German Sustainable Building Council. Leiðbeinandi var Dr. Frank Heinlein sem er framkvæmdastjóri stjórnunar og stefnumótunar DGNB og starfar sem framkvæmdastjóri samskiptasviðs hjá verkfræðistofunni Werner Sobek Group. Margt fróðlegt kom fram á námskeiðinu og hafa forsvarsmenn DGNB fullan hug á að vinna frekar með Íslandinu að því að skoða möguleika á notkun kerfisins hér á landi.

### China Academy of Building Research

Seinni hlutann í maí komu hingað til lands fulltrúar frá China Academy of Building Research, þeir Wang Qingqin Phd., sem

jafnframt er ritari China Green Building Council, Li Chaoxu sem er varaforseti stofnunarinnar og prófessor Xudong Zhao, sem starfa við Institute of Energy and Sustainable Development við De Montfort University í Leicester, Englandi. Það var stofnun Sæmundar fróða sem sinnir verkefnum um sjálfbæra þróun og þverfaglegar rannsóknir við Háskóla Íslands sem skipulagði fundinn. Framkvæmdastýra kynnti starfsemi VBR, Kristín Þorleifsdóttir verkefnisstjóri hjá AÍ kynnti Vistmenntarverkefnið og Óskar Valdimarsson hjá Framkvæmdasýslunni fór yfir helstu verkefni og áherslur stofnunarinnar.



Nú þegar hafa fulltrúar frá Beijing North Star Industrial Group óskað eftir fundi með fulltrúum Vistbyggðarráðs síðar í haust.

## Efnið skapar andann!

Árleg ráðstefna VBR fór fram 24. maí síðastliðinn og heppnaðist hún með miklum ágætum. Alls sóttu um 70 manns ráðstefnuna. Áherslan var á vistvænt byggingarefni, allt frá timbri og torfi til vistvænnar steinsteypu. Í tengslum við ráðstefnuna voru nokkrir söluaðilar með kynningar.

## Fjölgun aðila

Eftir því sem umfang starfseminnar eykst er enn mikilvægara að stækka og þétta frekar aðilahlópinn. Unnið er að því að fá inn nýja félaga og er um að gera að benda áhugasömum á að skoða þann kost.

## Ýmis verkefni

Af innra starfi er það að fréttu að nú eru starfandi tveir starfshópar á grundvelli 2 styrkveitinga frá Umhverfissráðuneytinu. Annars vegar er verið að skoða íslenskan markað fyrir þrjú vottunarkerfi; BREEAM, DGNB og Miljö Byggnad. Hins vegar er verið að vinna útgáfu viðmiða eða bæklinga um vistvænt skipulag. Afrakstur þeirrar vinnu sem var að mestu unnin af meistaranemum við HR má skoða á sumarsýningu Sólheima, en bæklingur kemur út með haustinu.



## Næstu viðburðir

Næsta uppkoma eða viðburður á vegum VBR verður september og mun vetrarstarfið líklega fara af stað með málþingi í samvinnu við Sesseljuhús. Þá munu starfshópar kynna niðurstöður sínar í haust. Margt fleira er framundan, s.s. opnir fundir, vistbyggðarvika ofl. sem verður kynnt nánar þegar nær dregur.

## GLEÐILEGT SUMAR!